

Nd.

485. Frumvarp til laga

[153. mál]

um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fódurvörur.

(Eftir 2. umr. í Nd., 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 343 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Enginn má framleiða til sölu eða flytja inn fódurblöndur nema með leyfi landbúnaðarráðuneytisins að fengnum tillögum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Búnaðarfélags Íslands. Sama gildir, þegar um er að ræða innflutning á fódurtegund, sem ekki hefur verið notuð hér áður. Ráðuneytið getur einnig hvenær sem er bannað innflutning á fódurblöndum.

16. gr. hljóðar svo:

Við mat á gæðum hvalmjöls og fiskmjöls samkvæmt 15. grein skal tekið tillit til lyktar, útlits og innihalds af óbundnu ammoniaki í mjölinu, svo og hvort skaðlegir sýklar og myglusveppir eru í mjölinu og aðskotablutir. Ekki má selja fiskmjöl, sem inniheldur meira en 0.2% af natriumnitrit á framleiðsludegi, og eigi má nota í kýrfóður fiskmjöl, sem framleitt er úr hráefni, rotvörðu með natriumnitrit. Fiskmjöl til kýrfóðurs skal greinilega merkt K á umbúðir. Sildarverksmiðjur ríkisins skulu selja K-mjöl til notkunar innanlands eftir sömu reglum og þær selja annað sildarmjöl, og skulu þær svo sem kostur er fullnægja eftirspurn. Seljandi skal ávallt ábyrgjast lágmarksmagn mjöltegundanna af eggjahvítu. Nánar skal kveðið á um efnamagn og gæði hvalmjöls og fiskmjöls í reglugerð.